

**Nd.**

**799. Breytingartillögur**

við frv. til merkjalaga.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. Við 3. gr.

Á eftir orðunum »veit þau rjettust« í þriðju línu komi:  
nema ágreiningslaus sje og áður þinglesin.

2. Við 4. gr.

Greinin orðist svo:

Merkjalýsing, er eigi hefir verið þinglesin, þá er lög þessi öðlast gildi, skal afhent hreppstjóra í þeim hreppi, er eignin liggur í, innan loka maí-mánaðar 1920. Hreppstjóri rannsakar, hvort allir þeir, er ber að sýna merkjalýsinguna, hafi ritað samþykki sitt á hana. Merkjalýsingar þær, er samþykta eru af öllum, er hlut eiga að máli, sendir hreppstjóri sýslumanni, og þingles hann þær á næsta manntalsþingi.

Nú verður hreppstjóri þess var, að ákvæðum 2. og 3. gr. hefir eigi verið fullnægt, og hlutast hann þá til um, að úr verði bætt.

Hreppstjóri skal grenslast eftir, hvort nokkurstaðar er ágreiningur í hreppnum um áður þinglesin landamerki. Nú verður samkomulag um breytingar á merkjum milli þeirra, er á hefir greint, og senda þeir hreppstjóra þá merkjalýsingu, en hann sendir hana sýslumanni til þinglestrar á næsta manntalsþingi.

Sendi skal hreppstjóra merkjalýsingu, þar sem ágreiningur er um merki, þótt ekki hafi orðið samkomulag.

Ef ágreiningur er um landamerki, eða vanrækt hefir verið að senda merkjalýsingu fyrir einhverri eign, sem getur um í grein þessari, þá skal hreppstjóri tilkynna það sýslumanni. Sá, er ekki sendir merkjalýsingu í tíma, skal sæta tveggja króna dagsektum, uns úr er bætt.